Auglýsing



SKOÐUN

# Ráðaleysi í grunnskólum og hvar í fjandanum er Mary Poppins?

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir skrifar
20. apríl 2024 16:30

Ég segi það oft og af innlifun, að ég elska vinnuna mína, enda starfa ég sem grunnskólakennari á yngsta stigi, þar sem einlægnin ræður ríkjum og árangur starfsins er sýnilegur.

Það er að segja ég elska vinnuna mína þangað til ég er minnt à að ég er bara ein manneskja og ekki Mary Poppins.

Ein manneskja stendur ekki undir öllum þeim mismunandi þörfum sem finna má í fjölbreyttum nemendahópi.

Við skulum kíkja inn í kennslustund:

Kennari byrjar á að útskýra námsefni à sama tíma og hann mætir hegðunarvanda á kantinum.

Eftir innlögn dreifir hann verkefnum, sérverkefnum og aðlöguðu efni, allt eftir þörfum hvers og eins.

Svo þarf að stökkva til og útskýra allt aftur, nema núna à öðrum tungumálum.

À meðan á því stendur fara nokkrar hendur á loft með brennandi spurningar. Meðal þeirra sem eru með hendur á lofti eru nemendur með aðlagað efni vegna námserfiðleika, sem þurfa sér innlögn og útskýringar.

Nú hringir tímavaki sem minnir á að einhverjir af þeim nemendum sem hafa verið í sér prógrammi eiga að fara í næsta verkefni og kennarinn þarf að lesa leiðbeiningarnar fyrir þá t.d. vegna lesblindu eða annars.

Á meðan fjölgar höndum à lofti og tíminn er à enda.

Eftir kennslu þarf að undirbúa innlögn, verkefni og nokkur mismunandi sérverkefni og aðlagað efni, fara yfir stærðfræðibækur og á foreldrafundi vegna enn frekari aðlögunar aðstæðna og námsefnis.

Fikt teygjum bætt við undir borð órólegra nemenda og pælt í ljósastýringu með húsverðinum vegna þeirra sem þola illa ljós-áreiti.

Eftir kennarafund er námskeið um hvernig kennarar geta mætt nemendum með áfallastreitu.

Sumir kennarar enda daginn í Bónus, þar sem fjárfest er í pizzusnúðum fyrir þá sem ekki verða með nesti að heiman daginn eftir.

Margir keyra heim, gjörsamlega tilfinningalega úrvinda.

P.s. ég bý svo vel að vera í frábæru teymi og með stjórnendur sem eru boðnir og búnir til að hjálpa, styðja og styrkja.

En enginn þeirra virðist geta töfrað mig í tvennu.

Ok, það er kominn tími til að ég fái að vita sannleikann. Er Mary Poppins tilbúningur eða hvar í fjandanum felur hún sig?

*Höfundur er grunnskólakennari.*

Viltu birta grein á Vísi? Sendu okkur póst. Senda grein

Skóla - og menntamál Grunnskólar

Auglýsing



## Mest lesið

Örfá orð um Mannréttindastofnun Íslands
Henry Alexander Henrysson
SKOÐUN

Fögnum á degi líffræðilegrar fjölbreytni
Rannveig Magnúsdóttir,Ragnhildur Guðmundsdóttir,Skúli Skúlason,Ole Sandberg,Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir
SKOÐUN

Aðgangur krakka að efni á íslensku versnar stöðugt
Sverrir Norland
SKOÐUN

Árás á lýðræðið í landinu: Íslenskað streymi eða ekki!
Hólmgeir Baldursson
SKOÐUN

Öryrkjar í fjötrum fátæktar
Svanberg Hreinsson
SKOÐUN

Tíu góð ráð fyrir ferðalagið
Ágúst Mogensen
SKOÐUN

Kvöldstund á öldrunarspítalanum
Sigrún Þorgrímsdóttir
SKOÐUN

Sterkari grunnskóli með gjaldfrjálsum skólamáltíðum
Orri Páll Jóhannsson
SKOÐUN

Tímamót í örorku- og endurhæfingarmálum - takk VG, takk ríkisstjórn
Steingrímur J. Sigfússon
SKOÐUN

Nú sannast hið fornkveðna: kvótakerfið hefur ekkert með fiskvernd að gera
Kjartan Sveinsson
SKOÐUN

## Skoðun

SKOÐUN
Tímamót í örorku- og endurhæfingarmálum - takk VG, takk ríkisstjórn
Steingrímur J. Sigfússon skrifar

SKOÐUN
Litróf mannkyns og tækifærin til að víkka sjóndeildarhringinn
Matthildur Björnsdóttir skrifar

SKOÐUN
Tíu góð ráð fyrir ferðalagið
Ágúst Mogensen skrifar

SKOÐUN
Árás á lýðræðið í landinu: Íslenskað streymi eða ekki!
Hólmgeir Baldursson skrifar

SKOÐUN
Sterkari grunnskóli með gjaldfrjálsum skólamáltíðum
Orri Páll Jóhannsson skrifar

SKOÐUN
Örfá orð um Mannréttindastofnun Íslands
Henry Alexander Henrysson skrifar

SKOÐUN
Öryrkjar í fjötrum fátæktar
Svanberg Hreinsson skrifar

SKOÐUN
Aðgangur krakka að efni á íslensku versnar stöðugt
Sverrir Norland skrifar

SKOÐUN
Lagareldi í lagalegu tómarúmi
Eva Dögg Davíðsdóttir skrifar

SKOÐUN
Ástand í leikskólamálum?
Nicole Leigh Mosty skrifar

SKOÐUN
Kvöldstund á öldrunarspítalanum
Sigrún Þorgrímsdóttir skrifar

SKOÐUN
Ráðherra ber mikla ábyrgð
Magnús Guðmundsson skrifar

SKOÐUN
Hafa ekki hug á inngöngu í ESB
Hjörtur J. Guðmundsson skrifar

SKOÐUN
Hækkum lágmarkið
Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir skrifar

SKOÐUN
Fjölskylduparadís Samfylkingarinnar í Reykjavík?
Diljá Mist Einarsdóttir skrifar

SKOÐUN
Verbúðin í boði VG!
Lilja Rafney Magnúsdóttir skrifar

SKOÐUN
Fjárfest í menningu
Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir skrifar

SKOÐUN
Þar byggði Ingólfur - 1150 ár frá upphafi landnáms í Reykjavík -
Árni Árnason skrifar

SKOÐUN
Nú sannast hið fornkveðna: kvótakerfið hefur ekkert með fiskvernd að gera
Kjartan Sveinsson skrifar

SKOÐUN
Vilja menn þá sérhagsmunagæzlu og það spillingar- og klíkuveldi, sem núverandi stjórnarfar og krónan leyfa?
Ole Anton Bieltvedt skrifar

SKOÐUN
Enn ein atlagan að auðlindum og náttúru landsins
Andrés Skúlason,Gunnlaugur A. Júlíusson,Sveinn Runólfsson skrifar

SKOÐUN
Til hamingju Grænland
Oddný G. Harðardóttir skrifar

SKOÐUN
Hærri fæðingarorlofsgreiðslur – en bara fyrir suma foreldra
Aldís Mjöll Geirsdóttir skrifar

SKOÐUN
Sumarsólstöður og leitin að lækningu við MND
Karen Eva Halldórsdóttir skrifar

SKOÐUN
100 ára ártíð Ólafíu Jóhannsdóttur: Aðgát skal höfð í nærveru sálar
Sveindís Anna Jóhannsdóttir skrifar

SKOÐUN
Framtíðin í forgang!
Berglind Ósk Guðmundsdóttir skrifar

SKOÐUN
Gerum það mögulegt fyrir íslenskar barnafjölskyldur að flytja heim!
Dóra Sóldís Ásmundardóttir skrifar

SKOÐUN
Ófagleg vinnubrögð HSU og FSRE
Helgi Kjartansson skrifar

SKOÐUN
Hvort er betra, kreditkort eða debetkort?
Haukur Skúlason skrifar

SKOÐUN
Blóðgjöf - Taktu þátt
Aðalsteinn Sigfússon skrifar

Sjá meira



© 1998 - 2024 Allur réttur áskilinn